

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 7. júní 2023
UST202306-022/A.B.
10.04.02

Efni: Breyting – Aðalskipulag Skeiða – og Gnúpverjahrepps 2017-2029 - verslunar- og þjónustusvæði - Brjónsstaðir lóð 4 - Hádegishóll

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða – og Gnúpverjahrepps er barst 2. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða – og Gnúpverjahrepps 2017-2029 fyrir Brjónsstaði lóð 4 - Hádegishóll

Í greinargerð kemur fram breytingin nær yfir lóðina Hádegishól úr landi Brjónsstaða. Með breytingunni verður sett inn 1 ha verslunar- og þjónustusvæði með heimild fyrir fasta búsetu, gestahús fyrir allt að 50 gesti og þjónustuhús og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Hraun og fuglalíf

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan svæðisins er Þjórsárhraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum og svæðið sem tillagan nær til er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.¹

Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að fjallað sé um áhrif tillögunnar á hraun og fuglalíf í umhverfismatsskýrslu og tillagan sé í samræmi við ákvæði náttúruverndarlag.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Björn Stefánsson
sérfræðingur

¹ <https://vistgerdakort.ni.is/>